

## L Ö G

um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

4

31. jan.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir menn, er gegna störfum erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar og taki laun úr ríkissjóði, skulu eiga heimilisfang í Reykjavík og vera skráðir þar á manntal, hafi þeir eigi sjálfir tilkynnt heimilisfang á öðrum stað hér á landi og skýrt ráðuneytinu frá því. Utanríkisráðuneytið tilkynnir manntalsskrifstofu Reykjavíkur árlega, hverjir starfsmenn þess gegni störfum erlendis.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

5

31. jan.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

- a. Í stað orðanna „65 ára“ í 1. málsg. laganna komi: 70 ára.  
b. 2. málsg. 1. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er þó þessum embættis- og starfsmönnum að láta af störfum, þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, eða hvenær sem er eftir þann tíma, með fullum eftirlaunarétti.

## 2. gr.

Síðari málsg. 2. gr. laganna falli burt.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*